

# Tilbrigði

## í íslenskri setningagerð

### III. Sérathuganir

*Ritstjórar*

Höskuldur Þráinsson,  
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

*Aðrir höfundar*

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,  
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,  
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,  
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,  
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 2017

## 20. Hann þótti gott í staupinu Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku

†Salbjörg Óskarsdóttir og Höskuldur Þráinsson

### 20.0 Inngangur

Á síðustu öld var safnað miklum heimildum um þjóðfræðileg efni og atvinnuhætti í byggðum Vestur-Íslendinga. Þetta var gert með því að taka viðtöl á íslensku við fólk vestanhafs. Í þessum viðtölum má finna dæmi á borð við þessi:

- (20.1) a. **hann þótti** gott í staupinu og **karlinum** líka  
b. á sunnudögum **langaði mig** til að fara  
c. **Ég langaði** til að skrifa [...] söguna af hlaupinu  
d. ef **þeim langaði** að eignast eitthvað  
e. hún gat farið tilbaka, ef **hana vantaði**  
f. **henni vantaði** eitthvað sem að baulaði eins og belja  
g. **hún vantaði** að hann verkaði rörin

Þessi dæmi benda til þess að ýmis föll séu eða hafi verið notuð vestra með sögnunum *þykja*, *langa* og *vanta*. Þessar sagnir eru meðal þeirra sem taka svonefnd aukafallsfrumlög í hefðbundinni íslensku, en eins og m.a. kemur fram í 4. og 5. kafla í *Tilbrigðabók I* og í 7. kafla í *Tilbrigðabók II* má líka finna ýmis tilbrigði í frumlagsfalli slíkra sagna á Íslandi. Í íslenskum skólum hefur lengi verið lögð áhersla á að kenna hefðbundna fallanotkun með sögnum af þessu tagi en ekki er vitað til þess að sambærileg kennsla hafi farið fram vestanhafs. Það er ein af ástæðum þess að forvitnilegt gæti verið að skoða hvort fallanotkun með þessum sögnum og öðrum svipaðs eðlis hefur þróast á annan hátt vestra en hér heima. Almenn talað er líka ljóst að vesturíslenska hefur búið við allt aðrar málfélagslegar aðstæður en íslenska á Íslandi. Samanburður á þessum tveim málafrbrigðum er þess vegna áhugaverður frá fræðilegu sjónarmiði.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir athugunum á aukafallsfrumlögum með völdum sögnum eins og þau birtast í áður nefndum viðtölum við Vestur-Íslendinga, en þau voru tekin fyrir 34–45 árum.<sup>1</sup> Niðurstöðurnar eru síðan bornar lauslega saman við athuganir á aukafallsfrumlögum í íslensku eins og hún er töluð á Íslandi. Til þæginda er þá oft talað um *heimaislensku* til aðgreiningar frá *vesturíslensku* og jafnvel *Heima-Íslendinga* til samanburðar við *Vestur-Íslendinga*.<sup>2</sup> Meginniðurstaðan er sú að í vesturíslensku sé

<sup>1</sup> Hér er annars vegar um að ræða viðtöl sem Hallfredur Örn Eiríksson og Olga Franzdóttir tóku veturinn 1972–1973 (sjá *Sögur úr Vesturheimi*) og hins vegar viðtöl sem Gísli Sigurðsson tók 1982 (sjá Gísla Sigurðsson 2001). Tilbrigðaverkefnið fékk aðgang að þessum viðtölum í tölvutæku formi fyrir milligöngu Gísla Sigurðssonar, rannsóknarprófessors við Stofnun Árna Magnússonar.

<sup>2</sup> Salbjörg vann við Tilbrigðaverkefnið og gerði þá þessa rannsókn á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku sem hér er sagt frá. Hún skrifaði BA-ritgerð um rannsóknina (2008) og flutti líka fyrirlestur um efnið á Hugvísindabíngi vorið 2008. Á grundvelli BA-ritgerðarinnar og fyrirlestrarins hafði hún lagt drög að þeim kafla sem hér birtist en auðnaðist ekki að ljúka við hann áður en hún féll frá í september 2008 eftir harðvítuga baráttu við krabbamein. Höskuldur gekk frá kaflanum í þeirri mynd sem hann birtist hér, bætti nokkru efni við hann (þó engu við tölfræðilegu niðurstöðurnar um tilbrigði í fallanotkun vesturíslensku viðmælendanna) og gekk frá heimildaskrá. Það á m.a. við allar tilvísanir í rit birt eftir 2008, eins og augljóst má vera.

meira um það en í heimaíslensku að nefnifallsfrumlög séu notuð með þeim sögnum sem teknar eru til athugunar (sbr. dæmi eins og *ég langaði*). Tillneiging til að nota þágufall í stað hefðbundins þolfalls (sbr. dæmi eins og *þeim vantaði*) virðist aftur á móti svipuð í vesturíslensku og hjá ungu fólki nú á tímum. Auk þess kemur fram að sami einstaklingur getur notað mismunandi föll með sömu sögninni í vesturíslensku, en slíkt er alls ekki dæmalaust í heimaíslensku þótt það sé kannski sjaldgæfara þar en í vesturíslensku.

Skipulag kaflans er á þessa leið: Fyrst er stutt upprifjun um frumlagsfall í nútímaíslensku og velt upp þeirri spurningu hvaða reglur hafi gilt um það efni í málinu um það leyti sem vesturfaramir létu úr höfn í lok 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. Þá er farið fáeinum orðum um það hvað Íslendingar gerðu vestanhafs til að viðhalda tungu sinni og menningu, einkum fyrstu áratuginu vestra og síðan frameftir 20. öld. Í framhaldi af því er gerð grein fyrir niðurstöðum úr ramnsókninni á viðtölunum og reynt að draga upp mynd af því hvað er líkt og hvað ólíkt í fallmörkun aukafallsfrumlaga í vesturíslensku og heimaíslensku eftir meira en hundrað ára aðskilnað þessara málýskna eða málbrigða.

### 20.1 Frumlagsfall, merkingarhlutverk og flokkun fallbreytinga

Nefnifall er langalgengasta frumlagsfall í íslensku eins og kunnugt er. Allstór hópur sagna tekur þó með sér aukafallsfrumlag. Það má kalla þær sagnir **aukafallssagnir**, skipta þeim í flokka eftir aukaföllunum og kenna flokkana við þau föll. Samkvæmt yfirliti sem Jóhannes Gísli hefur tekið saman (1997–1998, 2005:405–406) eru **eignarfallssagnir** kannski ekki nema sjö (*biða, geta, gæta, kenna, missa við, njóta (við), þurfa*). **þolfallssagnir** um 50 en stærsti hópurinn er **þágufallssagnir** og þær gætu verið um það bil þrisvar sinnum fleiri en þolfallssagnirnar (sjá líka Jóhannes Gísla Jónsson 2003, Jóhönnu Barðdal 2001 og Höskuld Þráinsson 2005:320).<sup>3</sup> Hér verður sjónum fyrst og fremst beint að þolfallssögnum og þágufallssögnum og eignarfallssagnir látnar liggja milli hluta vegna þess hve fáar þær eru og sumar sjaldgæfar.

Með **merkingarhlutverki** er átt við það hlutverk sem einstakir rökliðir (frumlag, andlag, óbeint andlag) hafa. Þau merkingarhlutverk sem hér koma helst við sögu eru þessi (sjá t.d. lýsingar hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 1997–1998:15–20, Höskuldi Þráinssyni 2005:319–323 og víðar. Hér er í aðalatriðum miðað við lýsingar Jóhannesar og mörg dæmanna eru líka frá honum, ýmist orðrétt eða stæld, en nokkur frá Höskuldi):

(20.2) Nokkur merkingarhlutverk frumlaga — stutt upprifjun:

- a. **Gerandi** (e. *agent*) er sá sem gerir eitthvað sem hann hefur stjórn á:  
**Konan** eyðilagði stólinn fúslega.
- b. **Þolandi** (e. *patient*): Það sem verður fyrir áhrifum af því sem gerist:  
**Blómið** fölnaði.
- c. **Þema** (e. *theme*) er náskylt þolanda (stundum er litið svo á að þolandi sé einn af undirflokkum þema). Þema getur táknad það sem hreyfist úr stað eða er staðsett einhvers staðar:  
**Boltinn** valt niður brekkuna.  
**Kötturinn** situr á veggnum.
- d. **Mark** (e. *goal*) er sá staður sem einhver hreyfing stefnir á. Viðtakendur (e. *recipients*) eru þá einn af undirflokkunum:  
**Sjórinn** tekur við skólpinu.  
**Eiríkur** fékk verðlaunin.

<sup>3</sup> Nákvæmari tala ræðst af því hvernig talið er, t.d. hvernig ýmis orðasambönd eru talin, hvort úreltar eða fornlegar sagnir eru taldar með o.s.frv.

- e. **Skynjandi** eða **reynandi** (e. *experiencer* eða *perceiver*) er sá sem skynjar eitthvað eða upplifir einhverja tilfinningu án þess að hafa stjórn á því:

**Stúlkan** fann mikið til.

Þar sem nefnifall er sjálfgefið frumlagsfall (sjá nánar síðar) eru litlar sem engar hömlur á því hvaða merkingarhlutverki nefnifallsfrumlög geta gegnt. Þau eru oft gerendur en alls ekki alltaf eins og sjá má af því að öll dæmin í (20.2) innihalda nefnifallsfrumlög. Aukafallsfrumlög eru hins vegar aldrei gerendur. Miðað við þá flokkun merkingarhlutverka sem hér var lýst má setja upp eftirfarandi yfirlit yfir merkingarhlutverk frumлага þar sem frumlagsföllin skarast að nokkru leyti:<sup>4</sup>

Hlutverk	Nefnifallsfrumlag	Þolfallsfrumlag	Þágufallsfrumlag
gerandi	<b>konan</b> eyðilagði stólinn, <b>Sveinn</b> málaði húsið, <b>lögreglan</b> yfirheyrði mig		
þolandi	<b>blómið</b> fölnaði, <b>vaskurinn</b> stíflaðist, <b>vextirnir</b> hækkuðu	<b>daginn</b> lengir, <b>snjóa</b> leysir, <b>vindinn</b> lægir, <b>risann</b> dagar uppi	<b>nemendum</b> fjölgar, <b>kennurum</b> fækkar, <b>öldungum</b> hnignar
þema	<b>steinninn</b> veltur niður brekkuna, <b>skýin</b> líða áfram, <b>bókin</b> liggur hér	<b>bátinn</b> rak á land, <b>gestina</b> dreif að, <b>útlendingana</b> bar af leið	<b>bátnum</b> skolaði á land, <b>trillunni</b> hvolfði, <b>snjónum</b> kyngdi niður
mark (viðtakandi)	<b>sjórinn</b> tekur lengi við, <b>Eiríkur</b> fékk verðlaun, <b>hún</b> hlaut vinninginn		<b>mér</b> áskotaðist bill, <b>þeim</b> fæddist dóttir, <b>henni</b> bauðst starf
skynjandi	<b>hún</b> fann til, <b>ég</b> kvíði fyrir, <b>þú</b> hlakkar til, <b>Maria</b> elskar Jón	<b>mig</b> langar í vatn, <b>þig</b> vantar bók, <b>þá</b> dreymdi vel, <b>hana</b> grunar margt	<b>mér</b> finnst það, <b>þér</b> líkar þetta, <b>henni</b> þykir það gott, <b>mér</b> blóskrar það

Tafla 20.1: Dæmi um fallmörkun frumлага í ýmsum merkingarhlutverkum.

Eins og sjá má af *töflu 20.1* eru nefnifallsfrumlögin fjölhæfust, þar næst þágufallsfrumlögin en þolfallsfrumlög virðast gegna fæstum merkingarhlutverkum. Taflan sýnir þá líka um leið að ekki er beint samband milli merkingarhlutverks frumlags og þess falls sem það fær. Það er m.ö.o. ekki endilega hægt að spá fyrir um merkingarhlutverk frumlags út frá frumlagsfallinu og yfirleitt ekki heldur hægt að spá um fall frumlags út frá merkingarhlutverki þess. En sambandið er þó ekki alveg óreglulegt. Í fyrsta lagi gegna engin aukafallsfrumlög merkingarhlutverkinu gerandi, eins og áður er nefnt, sbr. að reitirnir fyrir þolfalls- og þágufallsfrumlög í hlutverki geranda eru auðir. Í öðru lagi er ekki hlaupið að því að finna þolfallsfrumlög sem eru mark (eða viðtakandi) eins og taflan sýnir líka. Ef betur er að gáð kemur enn fremur í ljós að ýmislegt fleira sem kemur fram í *töflu 21.1* er reglulegra en annað. Flokkur þágufallssagna sem taka með sér frumlag í skynjandahlutverki er nefnilega býsna stór en flokkur þolfallssagna sem taka skynjandafrumlag er lítill. Samband þolfalls og skynjanda er því óreglulegra en samband þágufalls og skynjanda þegar frumlög eiga í hlut. Eins eru þolfallssagnir sem taka með sér frumlag í þemahlutverki fáar en margar nefnifallssagnir taka með sér frumlag í slíku hlutverki.

Til að gera grein fyrir sambandi fallmörkunar rökliða við merkingarhlutverk þeirra og setningarhlutverk (þ.e. við hugtök eins og frumlag, beint andlag, óbeint andlag) hafa málfraeðingar stungið upp á eftirfarandi flokkun (sjá t.d. Jóhannes

<sup>4</sup> Hér er miðað við „viðurkennda málnotkun“ eða upphaflega fallmörkun.

Gísla Jónsson 1997–1998, 2003, Höskuld Þráinsson 2005:317–381 og umræðu í 28. kafla þessarar bókar):<sup>5</sup>

(20.3) Fallaflokkun:

- a. **Formgerðarfall** (e. *structural case*) ræðst af því hvaða setningarhlutverki liðurinn gegnir í formgerðinni, þ.e. hvort hann er t.d. frumlag eða andlag.
- b. **Orðasafnsfall** (e. *lexical case*) ræðst af því hver fallvaldurinn er, t.d. hvaða sögn tekur liðurinn með sér. Orðasafnsfall er tvenns konar:
  1. **Reglufall** (e. *thematic case*) sem tengist því hvaða merkingarhlutverki liðurinn gegnir, t.d. hvort hann er skynjandi, og er því reglulegt að einhverju leyti a.m.k.
  2. **Furðufall** (e. *quirky case*) er óreglulegt og ófyrirsegjanlegt.

Þetta merkir þá m.a. að formgerðarfallið er það sem er **sjálfgefið** (e. *default*) miðað við setningarhlutverk liðarins. Sjálfgefið frumlagsfall er því nefnifall og sjálfgefið fall á beinu andlagi er þolfall.

Hér er ástæðulaust að fara nánar út í eðli þessara ólíku falla. Hins vegar er nauðsynlegt að segja frá tilgátu um breytingar á fallmörkun sem tengist flokkuninni í (20.3) og því hversu regluleg fallmörkun er. Hún er á þessa leið (sjá umræðu í lok greinar Jóhannesar Gísla 1997–1998 og í 28. kafla þessarar bókar og ritum sem þar er vísað til):

(20.4) Tilgáta um stefnu fallbreytinga:

- a. orðasafnsfall > formgerðarfall
- b. furðufall > reglufall

Í (20.5) eru nefnd dæmi um þekktar breytingar á frumlagsfalli í íslensku og bent á hvort eða hvernig þær samræmast þessari tilgátu:

(20.5) a. Dæmi um breytingu af gerð (20.4a): Notað er nefnifall í stað þolfalls á frumlagi þemasagna:

*bátinn rak á land > báturinn rak á land*

b. Dæmi um breytingu af gerð (20.4b): Notað er þágufall í stað þolfalls á frumlagi skynjandasagna:

*þig vantar bók > þér vantar bók*

Fyrri breytingin hefur verið kölluð **nefnifallshneigð** og sú síðari **þágufallshneigð** eða þágufallssýki og báðar eru vel þekktar úr íslenskri málfræðiumræðu (sjá t.d. 4. kafla *Tilbrigðabókar I*, 7. kafla *Tilbrigðabókar II*, 28. kafla hér á eftir og rit sem vísað er til í þessum köflum). En hér má líka nefna þriðju breytinguna sem er vel þekkt en virðist rekast á við (20.4a):

(20.6) Þolfall eða þágufall kemur í stað nefnifalls á frumlagi skynjandasagna:

*ég hlakka til > mig/mér hlakkar til*  
*ég kvíði fyrir > mig/mér kvíðir fyrir*

Ef þetta er rétt lýsing á breytingunni virðist þarna um það að ræða að formgerðarfall (nefnifall) hafi breyst í orðasafnsfall (þolfall eða þágufall), öfugt við

<sup>5</sup> Flokkunin í formgerðarfall og orðasafnsfall er oft rakin til Zaenen o.fl. 1985, undirflokkun orðasafnsfalls í reglufall og furðufall til Yip o.fl. 1987, en íslensku heitin *reglufall* og *furðufall* eru líklega komin frá Jóhannesi Gísla.

það sem tilgátan í (20.4a) gerir ráð fyrir. Ef þolfallið væri hins vegar elsta frumlagsfallið með *hlakka til* og *kviða fyrir* hefði aftur á móti mátt skýra tilbrigðin sem tvær eðlilegar breytingar eins og lýst er í (20.7):

(20.7) a. elsta stig: *hlakka til* og *kviða fyrir* taka með sér frumlag í þolfalli og það er orðasafnsfall sem er furðufall (óreglulegt) og því óstöðugt

*mig hlakkar til, mig kviðir fyrir*

b1. orðasafnsfallið breytist í formgerðarfall skv. tilgátu (20.4a),

þ.e. þolfall > nefnifall:

*mig hlakkar til > ég hlakka til, mig kviðir fyrir > ég kviði fyrir*

eða:

b2. orðasafnsfallið sem er furðufall breytist í reglufall skv. tilgátu (20.4b),

þ.e. þolfall > þágufall:

*mig hlakkar til > mér hlakkar til, mig kviðir fyrir > mér kviðir fyrir*

Gallinn er bara sá að ekki er vitað um neinar heimildir fyrir því að þróunin hafi orðið með þessu móti! En kannski eigum við eftir að finna þær.

Í þeirri könnun sem sagt er frá í kafla 20.6 er sú flokkun frumlagsfalla sem nú hefur verið lýst höfð til viðmiðunar og sömuleiðis tilgátan um stefnu fallbreytinga. En áður en við snúum okkur að niðurstöðum könnunarinnar er rétt að fara nokkrum orðum um það mál sem forfeður málnotendanna tóku með sér og síðan um málaðstæðurnar vestra.

## 20.2 Föllin sem vesturfararnir tóku með sér

Hér verður ekki gerð nein almenn tilraun til að lýsa því máli sem talað var á Íslandi um það leyti sem vesturfararnir stóðu sem hæst, enda engin ástæða til þess. Við skulum hins vegar líta aðeins á það hvort finna má vísbendingar um tilbrigði í frumlagsfalli eða breytingar á því í heimildum frá lokum 19. aldar eða upphafi þeirrar 20.

Jakob Smári vikur að þágufallshneigð í setningafræði sinni, en í þeirri bók er oft vísað til málfrásheimilda frá 19. öld. Fyrst telur hann allmargar sagnir (1920:101) „sem merkja skynjanir eða hugarhræringar og hafa persónu þá, er þeirra verður vör, með sér í þolf.“, svo sem *dreyma, fýsa, gruna, hungra, langa, lengja eftir, lysta, minna, muna um, óra fyrir, svima, syfja, ugga, undra, vara, verkja, þyrsta*.<sup>6</sup> Síðan segir hann (sama rit, bls. 101–102, leturbr. bætt við hér):

Á útsuðurkjálka landsins (Kjósar- og Gullbringusýslu, ásamt Reykjavík) er jafnaðarlega notað þgf. í stað þf. með sumum þessara sagna (t.d. *mér dreymir, langar, verkjar, munar um e-ð* [...] o.fl.), en þetta ber að varast. Enn fremur er þar og sagt *mér vantar* ...

Hér er Jakob Smári greinilega að tala um **þágufallshneigð** og þar er tvennt athyglisvert. Í fyrsta lagi að hann telur hana að einhverju leyti bundna við suðvesturhorn landsins (nefnir þó í nmgr. að hann hafi rekist á *mér munar mikið*

<sup>6</sup> Hann virðist reyndar ganga út frá því að frumlag sé alltaf í nefnifalli og telur því að aukafallsfrumlögin séu andlög. Hann lendir því í hálfgerðum vandræðum með sagnirnar *skorta, vanta og þrjóta* og telur þær upp sérstaklega og segir að þær séu notaðar „á sama hátt“ (bls. 102) og þar sé „hluturinn í þolfalli“ (þ.e. andlagið). — Þá er líka athyglisvert að hann nefnir að *vona* taki með sér þolfallsfrumlag í Heljarslóðarorrustu Benedikts Gröndal og í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á Ódysseifskviðu (þ.e. þá *mig vonar*), en þeir Benedikt og Sveinbjörn voru reyndar feðgar, eins og kunnugt er. Einnig getur Jakob Smári þess að sögnin *dotta* taki með sér þolfallsfrumlag „í Arnessýslu“ (þ.e. þá *mig dottar* eins og *mig syfjar*).

um í smásögu eftir Þingeyinginn Guðmund Friðjónsson)<sup>7</sup> og í öðru lagi að það beri að varast þessa málnotkun.

Jakob Smári nefnir líka nokkur dæmi um **nefnifallshneigð**. Eins og áður gerir hann ráð fyrir beinum tengslum falls og setningarhlutverks og lítur því svo á að fallorð í aukafalli sem stendur með sögn geti ekki verið frumlag, en breytist fallið í nefnifall verði liðurinn sjálfkrafa frumlag. Þannig segir hann um þolanda- og þemasagnir eins og *fjölga*, *fækka*, *þrjóta*, *bera* (fyrir *augu*) og *reka* að þar sé stundum notað nefnifall í stað aukafalls („andlagið gert að frumlagi“ eins og hann orðar það) en það beri mjög að varast (1920:28–29, sjá líka um *þrjóta* bls. 102). Í þessu sambandi nefnir hann t.d. eftirfarandi dæmi (leturbr. bætt við hér): *vinirnir fækka, síðan hefir kynslóð þessi mjög fjölgað, þá er dagur þraut, þessi áhrif bera stöðugt fyrir skynfæri þeirra, ráku skrokkarnir upp*, en þau eru ýmist frá 19. öld eða upphafi þeirrar 20.<sup>8</sup>

Með hliðsjón af þessu virðist ljóst að um það leyti sem vesturferðirnar stóðu sem hæst voru talsverð tilbrigði í frumlagsfalli og fyrirbæri eins og þágufallshneigð og nefnifallshneigð þegar komin til sögunnar. Sú niðurstaða er líka í samræmi við það sem yfirleitt er talið. Þannig nefnir Halldór Halldórsson (1982:167 o.áfr.) ýmis dæmi um tilbrigði í frumlagsfalli, m.a. þágufallsfrumlag með sögnunum *gruna* (úr þjóðsögum á 19. öld), *langa* (dæmi frá 1875 á Akureyri) og *skorta* (úr Grágás) og nefnifallsfrumlag með sögnunum *dreyma* (úr þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu frá 1540), *langa* (skáldsaga fyrst útg. 1871) og *vanta* (Ferðabók Fjölismannsins Tómasar Sæmundssonar). Frekari umræðu um tilbrigði í frumlagsfalli í eldra máli má líka finna í 22. kafla þessarar bókar og í ritum sem þar er vísað til.

### 20.3 Íslenskan sem móðurmál á erlendri grund

Víkjum nú sögunni vestur um haf og reynum að gera okkur lauslega grein fyrir málfélagslegum bakgrunni þeirra viðmælenda sem þessi rannsókn byggist á.

Mjög fljótlega hófu Íslendingar blaða- og bókaútgáfu í hinum nýju heimkynnum sínum vestra og hún var mjög öflug framan af og lengi vel. Blaðaútgáfa Íslendinga hófst um 1880 en fyrstu blöðin, þau *Framfari*, sem kom út í Lundi í Manitoba (1877–1880, tveir árgangar), og *Leifur*, útgefinn í Winnipeg (1883/84–1885/86, þrír árgangar), voru reyndar skammlíf.

Útgáfa *Heimskringlu* hófst svo 1886 og *Lögbergs* 1888 og komu bæði blöðin út vikulega í upphafi. Árið 1959 var útgáfa *Heimskringlu* og *Lögbergs* sameinuð undir nafninu *Lögberg-Heimskringla* og enn kemur blaðið út. Á fyrstu árunum hafa þessi blöð eflaust borist inn á hvert heimili Vestur-Íslendinga, enda fluttu þau fréttir frá heimahögum á gamla landinu og miðluðu fréttum af högum manna og ferðum. Hér eru nokkur dæmi úr *Heimskringlu* árið 1894 (laugardaginn 21. apríl, bls. 4), sérstaklega ætluð íbúum Winnipeg:

<sup>7</sup> Hér má nefna að í 7. kafla *Tilbrigðabókar II* kemur fram (bls. 50) að í Tilbrigðaverkefninu reyndist þágufallsheigð með *langa*, *vanta* og *hlakka til* algengust á Reykjanesi en hins vegar sjaldgæfust í Reykjavík og Norðurlandi eystra.

<sup>8</sup> Í þessu sambandi má nefna að Margrét Jónsdóttir (2015) hefur fjallað um breytingar á frumlagsfalli áhrifslausu sagnanna *fjölga* og *fækka* í aldanna rás, en þær koma ekki bara fyrir með nefnifalli og þágufalli (*vinirnir fækkuðu* og *vinunum fækkaði*) heldur líka þolfalli í gömlu máli, t.d. *mennina tók að fjölga* (úr Guðbrandsbiblíu 1584 skv. Margréti Jónsdóttur 2015:187). Margrét telur að þolfallið sé þarna elst. Þá er breytingin í nefnifall auðskiljanleg, en þágufallið fær stuðning af því að samsvarandi áhrifssagnir taka með sér þágufallsandlag (*fjölga/fækka e-u*) í síðari tíma máli, en eldri dæmi eru um þolfallsandlag (t.d. *nú hefur ... guð þinn fjölgað þig* í Guðbrandsbiblíu 1584 skv. Margréti (2015:184)).

Miss Jónína Eyjólfsdóttir á bréf frá Íslandi, með mynd innan í, á skrifstofu Hkr.

-----  
Rauða var íslaus orðin undan bænum og í grend við hann mánudaginn 16. þ.m.

-----  
[...]

Hr. Gísli M. Blöndal kom norðan úr N.-Íslandi á laugardaginn var eftir nokkura mán. dvöl við Íslendingafljót.

-----  
Herra Bogi Eyford og Jón Guðmundsson frá Pembina komu snögga ferð til bæjarins fyrri part vikunnar. Fóru heim aftur á miðvikud.

Efni *Lögbergs* og *Heimskringlu* var að mestu leyti á íslensku lengi vel og sama er að segja um fyrstu árgangana af hinu sameinaða blaði *Lögberg-Heimskringla*. Það var ekki fyrr en seint á 20. öld að enskan var orðin svo til allsráðandi í þessu helsta blaði Íslendinga vestanhafs. Í síðustu tölublöðunum sem finna má á vefnum (í gegnum *timarit.is*) eru hins vegar stuttir kennslu- eða kynningarþættir sem nefnast „Íslenska fyrir byrjendur/Icelandic for beginners“. 16. desember 2005 er þessi þáttur helgaður jólaundirbúningi og þar er kynning á íslensku jólasveinunum, foreldrum þeirra og jólakettinum í örstuttu máli í tveimur samhlíða dálkum — öðrum á íslensku og hinum á ensku, ásamt orðskýringum og fleiri upplýsingum.<sup>9</sup>

Meðal annarra blaða og tímarita má nefna *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar*, sem kom út 1894–1954 og innihélt æviþætti, smásögur og yfirlit yfir helstu atburði líðandi árs. Annað lífseigt tímarit var *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*, sem kom út 1919–1969 í Winnipeg.

Snemma var farið að fjalla um íslenskt mál í vesturíslenskum blöðum og tímaritum, ekki síst um það sem talið var að betur mætti fara í málnotkun vestra, Sú umræða snerist mest um tökuorð og ensk áhrif á orðaforðann. Flest tökuorðin voru notuð um fyrirbæri eða hluti sem voru fólkinu framandi þegar það kom á ókunnar slóðir. Vagnar til fólks- og vöruflutninga, dregnir áfram af gufuknúnum dráttarvögnum, voru Íslendingum framandi og því var nærtækast að nota og aðlaga enska orðið *train* og tala um *treinið*. Einnig voru ýmsar matvælategundir Íslendingunum framandi og ensk heiti þeirra því aðlöguð, svo sem *æskrimið* fyrir *ice cream*. Fyrstu athugun á enskum tökuorðum í vesturíslensku gerði Vilhjálmur Stefánsson landkönnuður (1903). Rúmum 30 árum síðar birti Stefán Einarsson (1937) fróðleg sýnishorn af vesturíslensku og yfirlit yfir rannsóknir á henni í *Lögbergi* (1937).

En Íslendingar vestra gáfu ekki bara út blöð. Bókaútgáfa á íslensku stóð þar með allnokkrum blóma framan af 19. öld og ýmsir vesturíslenskir rithöfundar gátu sér gott orð, svo sem Stephan G. Stephansson, Jóhann Magnús Bjarnason, Káinn, Jakobína Johnson og Guttormur J. Guttormsson. Þessir höfundar voru reyndar fæddir á Íslandi að Guttormi frátöldum. Þegar kom fram á 20. öldina dró úr því að samdar væru bókmenntir á íslensku vestanhafs.

Á fyrstu árum Íslendinga vestra voru gerðar ýmsar tilraunir til skólahalds og íslenskukennslu, oft í tengslum við safnaðarstarf. Á fyrri hluta 20. aldar var líka býsna öflug íslenskukennsla við Jóns Bjarnasonar skólann í Winnipeg, en það var miðskóli. Kennslan við íslenskudeild Manitobaháskóla, sem hefur farið fram frá því laust eftir miðja 20. öld er nokkurs konar framhald af þeirri kennslu. Þetta lýsir miklum metnaði vesturíslenska samfélagsins en óljóst er hversu mikil áhrif þetta hafði á íslenskukunnáttu hins venjulega Vestur-Íslendings. Þar hefur e.t.v. skipt meira máli lengi vel að á fyrstu árunum vestra kenndu margir landnemanna

---

<sup>9</sup> Helga Hilmeisdóttir, sem þá var íslenskukennari við íslenskudeild Manitobaháskóla í Winnipeg, sá um þessa þætti.




börnunum að lesa á á móðurmáli forfeðranna áður en þau fóru í skóla. Mörg barnanna lærðu ensku þá fyrst þau komu í skóla og mörg nutu þau lítillar eða stopullar skólagöngu fram eftir 20. öld. Þetta kemur t.d. fram í ýmsum af þeim viðtölum sem Hallfreður og Olga tóku veturinn 1972–1973.

Þetta verður látið nægja sem yfirlit yfir aðstæður í íslensku málsamfélagi vestanhafs. Um flest af því sem nú var rakið má fræðast nánar í greinum Haraldar Bessasonar um vesturíslensku (1967, 1971, 1984a,b), í yfirlitsgrein Gísla Sigurðssonar (2001), í bók Birnu Arnbjörnsdóttur um vesturíslensku (2006), í bók Guðjóns Arngrímssonar um „gullöld Vestur-Íslendinga“ (1998) og í BA-ritgerð Salbjargar Óskarsdóttur (2008). Nú skulum við snúa okkur að sjálfri rannsókninni.

## 20.4 Könnun á frumlagsfalli í viðtölum teknum vestanhafs

### 20.4.1 Viðmælendurnir og viðtölin

Víkjum nú að athuguninni á viðtölum Hallfreðar Arnar Eiríkssonar, Olgu Franzdóttur og Gísla Sigurðssonar við Vestur-Íslendinga.<sup>10</sup> Samkvæmt upplýsingum Gísla Sigurðssonar í formála bókarinnar *Sögur úr Vesturheimi* munu þau Hallfreður og Olga hafa hljóðritað um 60 klukkustundir af efni. Viðmælendur voru líklega um 100 en í *Sögum úr Vesturheimi* eru frásagnir 85 einstaklinga, mjög mislangar. Það fólk er yfirleitt fætt á árunum 1880–1920, flest (eða 35) á milli 1880 og 1889. Af þessum 85 viðmælendum voru 56 fæddir vestra (flestir í Manitoba) en 29 á Íslandi (eða á leiðinni vestur um haf), þar af aðeins einn á Suðurlandi og enginn á Suðvesturlandi eða í Reykjavík.<sup>11</sup> Í viðtölasafninu sem unnið var úr eru líka 22 viðtöl sem Gísli Sigurðsson tók sumarið 1982. Sjó af viðmælendum Gísla höfðu áður rætt við Hallfreð og Olgu en 15 eru „nýir“. 12 þeirra eru fæddir í Manitoba en þrír á Íslandi. Þeir eru heldur yngri að meðaltali, flestir fæddir á árabílinu 1900–1920. Alls eru þetta þá viðtöl við 100 mamms, 35 konur og 65 karla. Aldursdreifingu hópsins í heild má sjá á mynd 20.1:



Mynd 20.1: Fæðingarár viðmælenda Hallfreðar, Olgu og Gísla 1972–1982.

<sup>10</sup> Hér og víðar er hið algenga heiti *Vestur-Íslendingur* notað um þá Íslendinga sem settust að vestra og afkomendur þeirra. Sumir úr þessum hópi vilja þó kannski frekar kalla sig Kanadamenn eða Bandaríkjamenn „af íslenskum uppruna“ (e. *of Icelandic decent*).

<sup>11</sup> Þetta eru að sumu leyti heldur ítarlegri upplýsingar um uppruna viðmælendanna en fram koma hjá Salbjörgu Óskarsdóttur (2008). Meginástæðan er sú að áður en *Sögur úr Vesturheimi* komu út safnaði Gísli Sigurðsson saman upplýsingum af þessu tagi og birti þær í bókinni (sjá *Sögur úr Vesturheimi*, bls. 553 o.áfr.). Hins vegar er þess að gæta að í rannsókninni sjálfri var leitað í viðtölum við heldur fleiri viðmælendur en hér eru taldir, alls 121, því að þar var stuðst við tölvutækar uppskriftir af viðtölunum og þar á meðal voru viðtöl sem Hallfreður og Olga tóku og ekki voru birt í *Sögum úr Vesturheimi*.

Viðtöl Hallfreðar og Olgu voru liður í söfnun á þjóðfræðiheimildum á vegum Stofnunar Árna Magnússonar og þess vegna fjalla þau oft um þjóðfræðilegt efni af ýmsu tagi. Viðtöl Gísla snúast meira um daglegt líf fólksins og atvinnuhætti, enda hafði hann m.a. áhuga á að safna tökuorðum og þeirra var frekar að vænta í slíkum frásögnum en í þjóðfræðaeefni.

#### 20.4.2 Sagnir sem leitað var að

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að bera vesturíslensku niðurstöðurnar saman við niðurstöður úr tveim rannsóknum á tilbrigðum í frumlagsfalli sem höfðu verið gerðar á Íslandi, þ.e. rannsóknum Ástu Svavarsdóttur (1982) annars vegar og Jóhannesar Gísla Jónssonar og Þórhalls Eyþórssonar (2003) hins vegar. Þess vegna var leitað að öllum þeim aukafallssögnum sem þessir rannsakendur höfðu tekið með, en auk þess nefnifallssögnunum *hlakka til* og *kviða fyrir*, enda koma þær oft fyrir með aukafallsfrumlagi eins og kunnugt er. Síðan var bætt við allmörgum aukafallssögnum til að fá betri mynd af því hvernig aukafallsfrumlögum hefði reitt af í enska málumhverfinu vestra. Úr varð listi yfir 46 sagnir. Hann er sýndur í *töflu 20.2*. Feitletruðu sagnirnar í töflunni komu við sögu í rannsóknum þeirra Ástu, Jóhannesar Gísla og Þórhalls. Engin dæmi fundust í vesturíslensku viðtölunum um stjórnumerktu sagnirnar. Innan sviga eru viðbótarskýringar eða notkunardæmi til að sýna hvaða notkun var verið að leita að ef það getur verið óljóst:

Sagnaflokkur:	Sagnir sem leitað var að:
nefnifallssagnir	<b>*hlakka til, kviða fyrir</b>
þolfallssagnir	*daga (uppi), *drífa að, <b>dreyma, gruna</b> , *hrylla (við), *kala, *kitla, <b>langa</b> , *leggja (tjómna leggur), lengja (eftir), leysa (ísa leysir), lægja, *muna um (mig munar um það), *reka (á land), saka (hana sakaði ekki), *skorta, <b>vanta</b> , *verkja
þágufallssagnir	*áskotnast, <b>batna</b> (mér batnaði), *berast, blöskra, bregða (honum brá), *búnast, *duga, <b>finnast</b> , ganga (mér gengur vel), *heilsast, *hlotnast, *hraka, *hvolfa (bátinum hvolfdi), *kyngja (niður), <b>leiðast</b> , líða (henni liður vel), líka, lítast, *lykta (leiknum lyktaði), *reynast (mér reyndist þetta vel), *seinka (honum seinkaði), *sinnast, *skána (honum skánar), sýnast (mér sýnist það), versna (þér versnaði), <b>þykja</b> (henni þykir þetta leitt)

Tafla 20.2: Sagnir sem leitað var að í viðtölum. Stjórnumerktar sagnir fundust ekki. Feitletraðar sagnir koma við sögu í fyrri rannsóknum.

Ens og sjá má voru þágufallssagnirnar flestar eða alls 26. Dæmi fundust um 13 þeirra. Leitað var að 18 þolfallssögnum og dæmi fundust um níu þeirra.

Skodað var hvernig viðmælendur Hallfreðar, Olgu og Gísla notuðu þær sagnir sem hér voru taldar og þá fyrst og fremst með það í huga að athuga hvaða fall kæmi fram á frumlagi sagnanna. Fyrirfram mátti telja líklegt að finna mætti merki um eftirfarandi frávik frá viðurkenndri heimaíslensku:

#### (20.8) Tilgáta A:

Aukafallssagnir taka með sér nefnifall í vesturíslensku í ríkari mæli en í heimaíslensku.

#### Tilgáta B:

Þágufallshneigð er tiltölulega algengari í vesturíslensku en í heimaíslensku.

Ef tilgáta A fær stuðning af gögnunum gætu ástæðurnar verið tvær. Í fyrsta lagi gæti þessi „nefnifallshneigð“ stafað af því að nefnifall er hið sjálfgefna frumlagsfall (formgerðarfallið) í íslensku en hin frumlagsföllin þarf að læra sérstaklega (þau eru orðasafnsföll, bundin við tiltekna sagnir). Ef viðmælendurnir

hafa ekki náð fullkomnum tókum á íslensku sem börn er þetta ekki ólíkleg niðurstaða, enda er vitað að fallmörkun er eitt af því sem erfðarmálshafar<sup>12</sup> eiga oft í erfiðleikum með (sjá t.d. umræðu hjá Bennamoun, Montrul og Polinsky 2010). Áhrif frá ensku gætu svo ýtt undir þróun af þessu tagi vegna þess að engin aukafallsfrumlög eru til í ensku. Að svo miklu leyti sem einhver föll koma fram í ensku (þ.e. í beygingu persónufornafna) má sjá að frumlag stendur jafnan í nefnifalli, sbr. t.d. *I need/lack more money* og ekki *\*Me needs/lacks more money*.

Ef tilgáta B fær stuðning af vesturíslensku gögnunum gætu ástæðurnar líka verið tvær. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að sú alhæfing sem felst í því að úthluta skynjandafrumlögum þágufalli í stað þolfalls (hin hefðbundna þágufallshneigð) yrði almennari ef málnotendur hefðu ófullkomin tók á málinu. Í öðru lagi kann neikvæð afstaða til þágufallshneigðar í heimaíslensku að hafa haldið eitthvað aftur af útbreiðslu hennar en þess háttar afstöðu gæti væntanlega mun síður eða ekki í vesturíslenska málsamfélaginu.

En snúum okkur þá að því að skoða gögnin. Til þess að fá lauslegan samanburð á málnotkun Vestur-Íslendinga og Heima-Íslendinga voruð skoðuð viðtöl við átta Íslendinga sem ekki hleyptu heimdraganum, sex konur og tvo karla. Viðtölin eru flest frá sjöunda áratug síðustu aldar og því nokkru eldri en vesturíslensku viðtölin. Þau eru að mestu leyti óformlegt spjall á þjóðfræðilegum nótum, svipuð og viðtölin sem Hallfreður og Olga tóku vestanhafs. Tvö voru tekin í Reykjavík (við konur fæddar á Austurlandi) en hin sex viðtölin voru tekin á ýmsum stöðum úti á landi. Í viðtölunum er talsvert af bundnu máli, bæði í þeim vesturíslensku og heimaíslensku, en dæmum var ekki safnað úr því efni.

#### 20.4.3 Nefnifallshneigð vestra og hjá nokkrum Íslendingum til samanburðar

Þar sem efninu er safnað úr fjálsu tali verður auðvitað mikill munur á fjölda dæma með hverri sögn. Auk þess eru viðtölin mislög þannig að mismargar sagnir koma fyrir í efninu frá hverjum málnotanda. Sumar sagnirnar koma mjög sjaldan fyrir og *tafla 20.3* gefur samt nokkra hugmynd um tíðni nefnifalls með þolfallssögnum í vesturíslensku viðtölunum annars vegar og þeim heimaíslensku hins vegar. Í henni kemur fyrst fram hversu margir einstaklingar úr hvorum hóp notuðu viðkomandi sagnir einungis með þolfalli eins og viðurkennt er, hversu margir með nefnifalli eingöngu eða þá nefnifalli og einhverju öðru falli. Algengustu sagnirnar eru taldar fyrst og frávik frá viðurkenndri málnotkun eru feitletruð:

Sögn:	Vestur-Íslendingar:				Heima-Íslendingar:			
	þf.	nf.	nf.+þf.	nf.+þgf.	þf.	nf.	nf.+þf.	nf.+þgf.
vanta	29	3	3	1	6	0	0	0
dreyma	19	5	9	2	4	0	0	0
langa	6	1	0	0	6	0	0	0
lengja	1	0	0	0	1	0	0	0

Tafla 20.3: Hefðbundin notkun vs. nefnifallshneigð með þolfallssögnum í viðtölunum. Fjöldi viðmælenda sem sýna hvert notkunarafbrigði.

Auk þeirra þolfallssagna sem þarna eru taldar komu sagnirnar *gruna*, *leysa* (*ísana*), *lægja* (*vindinn*) og *saka* fyrir einu sinni hver í vesturíslensku viðtölunum og í öllum tilvikum með hinu hefðbundna þolfalli.

Áður en lengra er haldið er rétt að ítreka hvað tölurnar í *töflu 20.3* merkja. Ef við lítum á fyrstu línuna segir þar fyrst að 29 Vestur-Íslendingar hafi notað sögnina

<sup>12</sup> Með **erfðarmáli** (e. *heritage language*) er átt við tungumál sem málnotendur hafa „tekið að erfðum“, ef svo má segja. Þetta eru þá oft innflytjendur eða afkomendur þeirra sem tala mál forfeðra sinna á málsvæði þar sem annað mál er ríkjandi. Í þessum skilningi er vesturíslenska erfðarmál.

*vanta* í viðtölunum með þolfallsfrumlagi eingöngu, þrír hafi notað hana með nefnifallsfrumlagi eingögnu, þrír með nefnifallsfrumlagi og þolfallsfrumlagi og einn með nefnifallsfrumlagi og þágufallsfrumlagi. Sögnin *vanta* kom sem sé fyrir í viðtölum við 36 Vestur-Íslendinga en það kemur ekki fram hversu mörg dæmi voru um hana hjá hverjum málnotanda. Í töflunni sést þá líka að þessi sögn kom fyrir í viðtölum við sex Heima-Íslendinga og þeir notuðu hana allir með þolfalli eingöngu.

*Tafla 20.3* sýnir þá einkum þrennt: Í fyrsta lagi eru engin merki um nefnifallshneigð með neinni þessara fjögurra sagna hjá Heima-Íslendingunum, enda var þess tæplega að vænta nema þá helst með sögninni *dreyma*, en hún kemur líka við sögu í umræðu um þágufallshneigð hér á eftir. Í öðru lagi er mun algengara meðal Vestur-Íslendinga að þessar sagnir séu notaðar á hefðbundinn hátt en að þar séu einhver frávik.<sup>13</sup> Það er helst með sögninni *dreyma* að fjöldi þeirra vesturíslensku málnotenda sem sýna einhver frávik eða tilbrigði nálgast fjölda þeirra sem nota sögnina eingöngu með hin hefðbundna þolfalli (19 nota hana eingöngu með þolfalli, 14 með nefnifalli eða nefnifalli og þolfalli eða þágufalli). Í þriðja lagi sýnir taflan nokkurt **fallaflökt** eða **innri breytileika** (e. *intra-speaker variation*) með sögnunum *vanta* og *dreyma* hjá Vestur-Íslendingunum, þ.e. níu einstaklingar geta t.d. ýmist notað *dreyma* með hinu hefðbundna þolfallsfrumlagi eða með nefnifallsfrumlagi og tveir reyndar ýmist með nefnifalli eða þágufalli. Þetta er allt þekkt úr heimaíslensku þótt það komi ekki fram í íslensku viðtölunum hér. Í fljótu bragði kemur helst á óvart að sagnirnar *langa* (*Ég langaði til að skrifa*) og þó einkum *vanta* skuli koma fyrir með nefnifalli í vesturíslensku (eða nefnifalli og þolfalli eða nefnifalli og þágufalli) því það er sjaldgæft í heimaíslensku. Hér getur verið um að ræða bein áhrif frá hinni skyldu og næstum samhljóma sögn *want* í ensku, enda eru sum dæmin með *vanta* greinilega notuð í hinni ensku merkingu ‘vilja’ eins og t.d. þessi:

- (20.9) a. **Ég** mundi ekki **vanta** að vera í einhverju landi ...  
 b. **hún vantaði** að hann verkaði rörin  
 c. eins lengi og **þú vantaðir**

Í máli sumra Vestur-Íslendinga hefur merking sagnarinnar *vanta* vikkad út þannig að segja má að útkoman sé ný sögn sem tekur þá nefnifallsfrumlag eins og enska fyrirmyndin. Birna Arnbjörnsdóttir kallar þetta fyrirbæri *relexification* (2006:94). Það er hins vegar ekki þannig að sögnin *vanta* í merkingunni ‘vilja’ sé alltaf notuð með nefnifalli í vesturíslensku:

- (20.10) a. að **sig vantaði** að ... fara til Íslands  
 b. svo **mig vantaði** svo mikið að baka vínirtertu  
 c. **hana vantaði** að selja landið

Lítum þá næst á þágufallsagnir og skoðum hvort þar megi finna merki um þessa vesturíslensku nefnifallshneigð. *Tafla 20.4* gefur sams konar upplýsingar fyrir þágufallssagnir og *tafla 20.3* gerir fyrir þolfallssagnir. Skyggðir reitir eiga að sýna að viðkomandi sögn kom ekki fyrir í heimaíslenska efninu:

<sup>13</sup> Hér er rétt að ítreka að taflan sýnir ekki heildarfjölda frávíka heldur fjölda þeirra einstaklinga sem nota hvefja sögn á tiltekinn hátt. Sumir gera það kannski einu sinni, aðrir mörgum sinnum.

Sögn:	Vestur-Íslendingar:				Heima-Íslendingar:			
	þgf.	nf.	nf.+þgf.	þf.+þgf.	þgf.	nf.	nf.+þgf.	þf.+þgf.
þykja	56	2	9	1	8	0	0	0
finnast	60	1	2	0	6	0	0	0
líka	27	1	2	0	4	0	0	0
líða	19	0	0	0	3	0	0	0
sýnast	8	1	1	0	5	0	0	0
lítast	9	0	0	0				
ganga	7	1	0	0	2	0	0	0
leiðast	6	1*	0	0	4**	0	0	0
bregða	3	0	0	0				
batna	2	0	0	0	3	0	0	0
versna	1	1	0	0				
blöskra	1	1	0	0				

Tafla 20.4: Hefðbundin notkun og nefnifallshneigð með þágufallssögnum í viðtölunum. Fjöldi viðmælenda sem sýnir hvert notkunarafbrigði. [Aths.: \*gæti líka verið þf.; \*\*auk þess eitt dæmi sem virðist vera þf.]

Eins og áður sýndi enginn Heima-Íslendingur merki um nefnifallshneigð. Þeir Vestur-Íslendingar sem nota þessar sagnir á hefðbundinn hátt eingöngu eru líka mun fleiri en þeir sem sýna einhvers konar frávik. Í sumum tilvikum fundust engir viðmælendur sem notuðu tiltekna sögn á óhefðbundinn hátt (sjá t.d. *líða*, *lítast*). Það er helst með sögninni *þykja* að eitthvað kveður að dæmum um nefnifallshneigð vestra. Nokkur þeirra eru sýnd í (20.11) (sbr. hliðstæð dæmi hjá Birnu Arnbjörnsdóttur 2006:94):

- (20.11) a. **við þóttum** svo vænt um hvort annað  
 b. **Hún þótti** hvíld í að vera svoleiðis  
 c. **hann þótti** gott í staupinu og **karlinum** líka

Í síðasta dæminu sést auðvitað ekki hvort *hann* er nf. eða þf. en nf. er kannski líklegra. En síðan kemur þgf. *karlinum*, sem sýnir fallflökt.

Sögnin *finnast* kemur líka fyrir með nefnifallsfrumlagi í vesturíslensku viðtölunum eins og sjá má af *töflu 20.4*, en slíkt kemur naumast fyrir í heimaíslensku. Tvö dæmi eru sýnd í (20.12):

- (20.12) a. **ég finnst** það  
 b. **hann finnst** eitthvað hreyfa sig rétt framan sig

Hér er *hann* líklega frekar nf. en þf. og auðvitað er hugsanlegt að enska sögnin *find* hafi áhrif á fallnotkunina (sbr. *I find ...*).

Birna Arnbjörnsdóttir segir frá nefnifallshneigð í vesturíslensku með einni tegund sagnar eða sagnarsambands sem ekki var leitað að í vesturíslensku viðtölunum. Þetta er sambandið *vera illa við*. Dæmin í (20.13) eru frá henni (2006:93):

- (20.13) a. **þeir** voru illa við úlfana  
 b. **pabbi** var nú alltaf illa við það  
 c. **ég** var alltaf illa við fisk

Af *töflum 20.3* og *20.4* og þeim dæmum sem nú voru rakin má sjá að nefnifallshneigð er mun almennari í vesturíslensku en heimaíslensku.

Snúum okkur þá næst að þágufallshneigðinni.

## 20.4.4 Þágufallshneigð vestra og hjá nokkrum Íslendingum til samanburðar

Í töflu 20.5 er sýnt yfirlit yfir þágufallshneigð í vesturíslensku viðtölunum á svipaðan hátt og í fyrri töflum:

Sögn:	Vestur-Íslendingar:					Heima-Íslendingar:				
	þf.	þgf.	þgf.+ þf.	þgf.+ nf.	þgf.+ nf. +þf.	þf.	þgf.	þgf.+ þf.	þgf.+ nf.	þgf.+nf. +þf.
vanta	29	5	3	0	1	6	0	0	0	0
dreyma	19	2	6	2	2	4	0	2	0	0
langa	6	8	5	0	0	7	0	1	0	0
lengja	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0

Tafla 20.5: Hefðbundin notkun vs. þágufallshneigð með þolfallsögnum í viðtölunum. Fjöldi viðmælenda sem sýnir hvert notkunarafbrigði.

Hér sker sögnin *langa* í vesturíslensku viðtölunum sig nokkuð úr: Hún er eina sögnin þar sem fleiri málnotendur sýna óhefðbundna notkun en hefðbundna: 13 nota sögnina með þágufalli eingöngu eða þá þolfalli og þágufalli en sex nota hana með hinu hefðbundna þolfalli eingöngu. Einn af heimaíslensku viðmælendum notar þessa sögn ýmist með þolfalli eða þágufalli. Meðal vesturíslenskra dæma um þágufallshneigð og fallaflokt með *langa* má telja þessi:

- (20.14) a. **Þeim langaði** svo mörgum að fara vestur.  
 b. **henni langaði** að vera að tala um Ísland  
 c. En **hann, honum langar** svo til þess

Í síðasta dæminu leiðréttir málnotandinn sig og setur þágufall í stað þolfalls eða nefnifalls. Þess má reyndar geta í tengslum við þessa tiltölulega miklu þágufallsnotkun með *langa* að Hallfreður byrjar mjög mörg viðtöl eða viðtalshluta á því að segja *míg langaði að ...*, en það virðist ekki hafa mikil áhrif á viðmælendurnar, enda virðist þágufallshneigð ekkert hafa verið til umræðu í málsamfélaginu vestra.

Það er líka talsverður breytileiki í notkun sagnarinnar *dreyma* í vesturíslensku viðtölunum og tveir af heimaíslensku þátttakendum nota þá sögn ýmist með þolfalli eða þágufalli. Meðal vesturíslenskra dæma um notkun *dreyma* má telja þessi (en *dreyma* er reyndar líka sögn sem Hallfreður notar mikið sem spyrill vegna áhuga síns á draumum — og þá alltaf með þolfallsfrumlagi):

- (20.15) a. Það kom fyrir að **honum dreymdi**  
 b. þá **dreymdi ég** að við sátum í dæningrúminu  
 c. **henni dreymdi** oft að hún var að fljúga — hún hafði ákaflega gaman að því þegar **hana** var að **dreyma**

Eins og sjá má er síðasta dæmið vitnisburður um fallaflokt eða innri breytileika.

Almennt má segja að þágufallshneigðin vestra hegði sér svipað og í heimaíslensku. Það má þó skoða nánar, en fyrst er rétt að draga saman það sem hér hefur komið fram um tilbrigði í frumlagsfalli í vesturíslensku.

## 20.4.5 Samantekt um vesturíslensku tilbrigðin

Eins og fram hefur komið ber allmikið á nefnifallshneigð og þágufallshneigð í viðtölunum sem hér hafa verið til skoðunar. Það er það sem búast mátti við miðað við það sem áður hafði verið bent á (sjá t.d. grein Gísla Sigurðssonar 2001 og bók Birnu Arnbjörnsdóttur). Þetta er líka í samræmi við tilgátunarnar sem lýst var í

köflum 20.1 og 20.4.2 og má endurtaka hér. Í fyrra tilvikinu er um að ræða almenna tilgátu um stefnu fallbreytinga, í því síðara voru settar fram sérstakar tilgátur um þróunina í vesturíslensku miðað við málaðstæður vestra:

- (20.4) Tilgáta um stefnu fallbreytinga:  
a. orðasafnsfall > formgerðarfall  
b. furðufall > reglufall

- (20.8) Tilgáta A:  
Aukafallssagnir taka með sér nefnifall í vesturíslensku í ríkari mæli en í heimaíslensku.  
Tilgáta B:  
Þágufallshneigð er tiltölulega algengari í vesturíslensku en í heimaíslensku.

Það er þó einkum nefnifallshneigðin sem er víðtækari en í heimaíslensku. Þágufallshneigðin kemur einkum fram í svipuðum sögnum og í heimaíslensku, þ.e. skynjandasögnum *vanta*, *langa* og *dreyma*. Þetta má líka orða svo að formgerðarfallið sæki meira á í vesturíslensku en heimaíslensku, en útvíkkun reglufalls á kostnað furðufalls fari eftir svipuðum brautum í báðum málafríggðunum.

Það er hins vegar vert að halda því til haga að meirihluti þeirra vesturíslensku viðmælenda sem hér voru til athugunar notaði eingöngu hefðbundið frumlagsfall með þeim sögnum sem leitað var að:

- (20.16) a. Engin frávik frá hefðbundinni notkun frumlagsfalls:  
69 viðmælendur (57%)  
b. Einhver frávik frá hefðbundinni notkun frumlagsfalls:  
52 viðmælendur (43%)  
(þar af sýndu 26 nefnifallshneigð, 16 þágufallshneigð og 10 fallafllökt)

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar hafði hefðbundin fallmörkun frumлага því alls ekki liðið undir lok í vesturíslensku.

En vegna þess hve heimaíslensku viðtölin voru fá er rétt að ljúka þessum kafla með svolítið nánari samanburði á þágufallshneigð vestra og heima.

## 20.5 Samanburður við niðurstöður kannana á heimaíslensku

### 20.5.1 Samanburður við kannanir Ástu, Jóhannesar Gísla og Þórhalls

Þegar þessi könnun á frumlagsfalli í viðtölum við Vestur-Íslendinga var gerð, höfðu verið gerðar tvær stórar kannanir á þágufallshneigð meðal grunnskólabarna á Íslandi. Ásta Svavarsdóttir lagði sérstakt próf fyrir 11 ára börn í Reykjavík og á átta stöðum úti á landi, alls um 200 börn (sjá grein Ástu 1982). Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson lögðu svipað könnunarpróf fyrir 845 börn á sama aldri víðs vegar um landið um 20 árum síðar (sjá grein þeirra 2003). Í báðum tilvikum fengu börnin stutta frásögn á blaði og áttu börnin að fylla inn í eyður sem litu út eins og hér er sýnt:

- (20.17) Þá sér hún að \_\_\_ vantar gemsann sinn. \_\_\_ minnir að hann sé á borðinu en hann er ekki þar.


Í könnun Jóhannesar Gísla og Þórhalls átti að leysa verkefnið með því að setja fornafnsmyndirnar *hún/hana/henni/hennar* inn í eyðurnar. Könnun Ástu var hins vegar í tvennu lagi — annars vegar átti að setja fornafn þriðju persónu í kvenkyni inn í eyðurnar, eins og hjá Jóhannesi Gísla og Þórhalli, en hins vegar fornafn fyrstu

persónu í eintölu (*ég/mig/mér/mín*). Með því móti átti að kanna hvort þágufallshneigð væri misjafnlega algeng eftir persónu framlagsins og svo reyndist vera: Hefðbundið þolfall með sögnum eins og *langa, vanta* til dæmis var oftart notað þegar fyrsta persóna átti í hlut en þegar það var þriðja persóna (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur 1982:31). Í þeim samanburði sem hér verður sýndur er hins vegar slegið saman tölunum fyrir fyrstu og þriðju persónu í könnun Ástu, enda eru frumlögin í vesturíslensku viðtölunum ýmist í fyrstu eða þriðju persónu. Þetta getur hins vegar eitthvað skekkt samanburðinn við könnun Jóhannesar Gísla og Þórhalls en við því verður ekki gert.

Í þeim samanburði sem hér fer á eftir hafa verið valdar fjórar sagnir sem koma alloft fyrir í vesturíslensku viðtölunum og sýna þar talsverð tilbrigði. Þetta eru sagnirnar *þykja, langa, vanta* og *dreyma*. Hér framar hafa verið birtar tölur um val framlagsfalls með þessum sögnum í vesturíslensku viðtölunum (sjá t.d. *töflu 20.5*). Þar merkja tölurnar fjölda þeirra þátttakenda sem valdi hvert fall og þær tölur má auðvitað umreikna í prósentur. Allar þessar sagnir koma fyrir í könnun Ástu og í könnun Jóhannesar Gísla og Þórhalls. Í þeim könnunum kom hver sögn aðeins einu sinni fyrir. Það merkir þá t.d. að hafi þágufall verið notað með sögninni *langa* í 40% tilvika í tiltekinni könnun þá hafa 40% barnanna valið það af því að hvert barn fékk bara eitt tækifæri til að velja framlagsfall með þessari sögn. Að þessu leyti eru þær tölur (prósentur) sambærilegar sem verða birtar hér á eftir fyrir vesturíslensku viðtölin annars vegar og kannanir Ástu, Jóhannesar Gísla og Þórhalls hins vegar.

Það er þó tvenns konar munur á því hvernig áður nefndar tölur voru fengnar. Vesturíslensku tölurnar eru fengnar úr viðtölum og þar hefur tiltekinn málnotandi kannski notað sögnina *langa* fjórum sinnum en einhver annar bara tvisvar. Þetta kemur ekki fram í tölunum. En hafi vesturíslenskur málnotandi notað sömu sögnina nokkrum sinnum er ekki ólíklegt að eitthvert fallaflökt eða einhver innri breytileiki komi fram. Eins og *töflur 20.3–20.5* sýna var talsvert um slíkan breytileika í vesturíslensku viðtölunum. Þess háttar breytileiki getur hins vegar ekki komið fram fyrir tiltekna sögn í könnunum Ástu, Jóhannesar Gísla og Þórhalls af því að hver sögn kom bara fyrir einu sinni í hverju prófi. Þessi munur á efnissöfnunaraðferðum birtist skýrt í þeim samanburði sem fer hér á eftir.

Á myndum *20.2–20.5* er sýndur samanburður á framlagsvali með áður nefndum fjórum sögnum. Þar kemur fallaflöktið eða innri breytileikinn fram í flokknum „blandað“ fyrir vesturíslensku málnotendurna. Samanburður við *töflu 20.3–20.5* sýnir í hverju þessi blöndun er fólgin fyrir allar sagnirnar. Fyrir sögnina *vanta* er það t.d. þf.+þgf. nf.+þf., þgf.+þf.+nf. (sjá *töflu 20.3* og *20.5*). Lítum fyrst á sögnina *þykja*:




Mynd 20.2: Frumlagsval með sögninni þykja í þrem könnunum.




Sögnin *þykja* er sú eina í þessum hóp sem er þágufallssögn. Það er því eðlilegt að þar sé þágufallið langfyrirferðarmest í öllum tilvikum. Nokkrir af íslensku þátttakendum velja þó þolfall með þessari sögn eins og *mynd 20.2* sýnir, kannski vegna einhvers konar ofvöndunar (þeim hefur verið kennt í skóla að nota þolfall en ekki þágufall með *langa* til dæmis og yfirfæra það þá á *þykja*). Enginn af vesturíslensku þátttakendum notaði þolfall eingöngu með *þykja* en einn notaði það í bland við þágufall. Þar var hins vegar algengara að nota nefnifall og þágufall á víxl. Þetta sést á *töflu 20.4*. Eins og *mynd 20.2* sýnir var nokkurt fallaflókt (innri breytileiki) meðal vesturíslensku þátttakendanna þegar *þykja* átti í hlut.

Lítum næst á sagnirnar *langa* og *vanta*. Þær eru oft taldar dæmigerðustu þágufallshneigðarsagnirnar og því forvitnilegt að bera þær saman. Það má gera með því að skoða *myndir 20.3* og *20.4*:



Mynd 20.3: Frumlagsval með sögninni *langa* í þrem könnunum.



Mynd 20.4: Frumlagsval með sögninni *vanta* í þrem könnunum.

*Myndir 20.3* og *20.4* virðist benda til þess að þágufallshneigð með þessum sögnum hafi færst í aukana á þeim 20 árum sem liðu milli kannana Ástu annars vegar og Jóhannesar Gísla og Þórhalls hins vegar (til þeirrar síðari verður oft vísað hér á eftir sem JGJ&ÞE eins og á myndunum). Eins og áður kom fram gefur samanburðurinn á myndunum þó svolítið misvísandi upplýsingar. Ástæðan er sú að Ásta kannaði þágufallshneigð bæði með frumlagi fyrstu og þriðju persónu en JGJ&ÞE aðeins með frumlagi þriðju persónu. Mun minni þágufallshneigð kom fram þegar frumlag

fyrstu persónu átti í hlut, en á myndunum hér að framan eru birt meðaltöl fyrir fyrstu og þriðju persónu í könnun Ástu. Þess vegna væri réttara að bera tölur Ástu fyrir frumlag í þriðju persónu saman við tölur JGJ&ÞE. Það er gert í (20.18) fyrir *langa* og *vanta* (sjá töflu hjá Ástu 1982:31 og hjá JGJ&ÞE 2003:19):


(20.18)	3. pers. frumlag í þgf. hjá Ástu	3. pers. frumlag í þgf. hjá JGJ&ÞE
<i>langa</i>	31,7%	39,8%
<i>vanta</i>	34,7%	45,4%

Eins og hér má sjá kemur fram meiri þágufallshneigð í könnun þeirra Jóhannesar Gísla og Þórhalls en hjá Ástu, en munurinn er ekki eins mikill og ætla mætti af myndum 20.3 og 20.4.

Í fljótu bragði virðist mynd 20.3 benda til þess að þágufallshneigð með sögninni *langa* í vesturíslensku viðtölunum sé jafnalgeng og hjá skólabörnunum í könnun JGJ&ÞE (prósentutölurnar fyrir þágufallið á mynd 20.3 eru um 40% í báðum tilvikum). Það er þó ekki alveg rétt vegna þess að sumir vesturíslensku viðmælendurnir notuðu þolfall og þágufall á víxl með *langa*. Við vesturíslensku frávikin bætast svo þeir sem notuðu *langa* með nefnifallsfrumlagi, en þeir voru reyndar ekki mjög margir (5%).

Eins og myndir 20.3 og 20.4 sýna, ásamt „leiðréttingunni“ í (20.18), kemur fram svipaður munur á tíðni þágufallshneigðar í könnun Ástu og könnun JGJ&ÞE fyrir *langa* og *vanta*. Vesturíslensku tölurnar fyrir *vanta* eru hins vegar talsvert öðruvísi en tölurnar fyrir *langa*. Í fyrsta lagi má benda á að þeir Vestur-Íslendingar sem velja hið hefðbundna þolfall með *vanta* eru hlutfallslega fleiri en skólabörnin sem gerðu það í könnun JGJ&ÞE. Þetta sést glöggt á mynd 20.4 (prósentutölurnar eru um 66% á móti 52%). Í öðru lagi er „hrein þágufallshneigð“ með *vanta* mun sjaldgæfari meðal Vestur-Íslendinganna en íslensku skólabarnanna, þ.e. að málnotendur velji eða noti þágufallsfrumlag eingöngu með þessari sögn. Það er algengara að vesturíslensku málnotendurnir sýni fallaflokt (innri breytileika) með þessari sögn. Þar við bætist svo sú tilhneiging vestra að nota nefnifallsfrumlag með *vanta* eins og rétt var hér frammar og sjá má á mynd 20.4 (næstum 7% Vestur-Íslendinganna nota sögnina þannig eingöngu), en íslensku skólabörnin völdu þann kost sárastaldan (í innan við 2% tilvika).

Lítum loks á sögnina *dreyma*, en yfirlit fyrir hana má sjá á mynd 20.5:



Mynd 20.5: Frumlagsval með sögninni *dreyma* í þrem könnunum.

Samanburður á mynd 20.5 við aðrar myndir hér framar sýnir að íslensku skólabörnin völdu mun oftar nefnifall með þessari sögn en hinum þrem. Það þarf ekki að koma á óvart. Vesturíslensku þátttakendurnir nota nefnifall líka tiltölulega oftar með þessari sögn en hinum. Aftur á móti er mjög sjaldgæft vestra að eingöngu sé valið þágufall með þessari sögn en allmörg af íslensku skólabörnunum völdu þágufall (rúm 25% í könnun JGJ&ÐE og tæp 13% í könnun Ástu að meðaltali en rúmlega 21% ef bara er miðað við frumlag þriðju persónu). En eins og áður er innri breytileiki algengur meðal Vestur-Íslendinganna.

Niðurstaðan verður þá sú að þótt þágufallshneigð sé mun algengari í viðtölunum við Vestur-Íslendingana en í þeim átta viðtölum við Heima-Íslendinga sem voru höfð til samanburðar hér framar þá er hún ekki miklu algengari meðal þessara fullorðnu viðmælenda vestra en hjá skólabörnunum á Íslandi. Að því leyti fær tilgáta B í (20.8) ekki ótvíræðan stuðning, en hún spáði fyrir um „óheftan“ framgang þágufallshneigðar vestra. Hins vegar er nefnifallshneigð algengari vestra, eins og vænta mátti og tilgáta A í (20.8) spáði fyrir um. Á myndum 20.2–20.5 munar þó mest um þá blöndun eða innri breytileika sem kemur fram í vesturíslensku viðtölunum en ekki gögnunum frá Ástu og JGJ&ÐE. Það er er vel hugsanlegt að þessi innri breytileiki í vesturíslensku gögnunum stafi að mestu leyti af einhvers konar óöryggi, annaðhvort vegna **ófullkominnar máltöku** (e. *incomplete acquisition*) eða **málhrörunnar** (e. *language attrition*), enda oft gert ráð fyrir því að slíkt einkenni málkunnáttu erfðarmálshafa (sjá t.d. yfirlit hjá Bennamoun o.fl. 2010). En það getur líka verið að hliðstæður breytileiki komi í ljós í máli Heima-Íslendinga ef gögnum frá þeim er safnað frá þeim á annan hátt. Við lítum á það í næsta undirkafla.

#### 20.5.2 Innri breytileiki í frumlagsfalli hjá Heima-Íslendingum

Í Tilbrigðaverkefningunni voru notaðar nokkrar mismunandi aðferðir við efnissöfnun, eins og lýst er í 2. kafla *Tilbrigðabókar I*. Aðal aðferðin var sú að láta þátttakendur meta setningar í skriflegri könnun, en einnig var þeim boðið að velja á milli tveggja eða fleiri ólíkra kosta og fylla inn í eyður líkt og í könnun Ástu og í könnun JGJ&ÐE sem lýst var hér framar. Auk þess voru tekin viðtöl við nokkra þeirra sem tóku þátt í skriflegu könnuninum. Loks hafa þau gögn sem safnað var á þennan hátt verið borin saman við gögn úr textasöfnum (sjá t.d. 4. kafla í *Tilbrigðabók I*).

Meginmarkmiðið með þeim samanburði sem hér fer á eftir er að kanna hvort sá innri breytileiki sem kom fram á frumlagsfalli sagnanna *langa*, *vanta* og *dreyma* í vesturíslensku gögnunum eigi sér hliðstæðu í gögnum Tilbrigðaverkefnisins. Í *töflu 20.6* er sýnt mat þátttakenda í Tilbrigðakönnun 2 á þrem setningapörum sem eru nálægt því að vera lágmarkspör (sjá *töflu 7.1* og *7.6* í *Tilbrigðabók II*). Þar kemur m.a. fram að samanlagt hlutfall þeirra sem samþykkja þolfall og þágufall með þessum sögnum er meira en 100%. Það merkir að allmargir samþykkja hvort tveggja með þessum sögnum, þ.e. hér er vitnisburður um innri breytileika (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2013:173):

Númer	Setning	já	?	nei
a. T2081	Hún spurði hvort <b>mig</b> vantaði ekki umslög.	92,1	4,3	3,6
b. T2091	Hann spurði hvort <b>mér</b> vantaði ekki lán.	27,3	16,1	56,6
<b>Samtals já:</b>		<b>119,4%</b>		
c. T2031	<b>Strákana</b> langar til að taka þátt í spurningakeppninni.	88,3	6,1	5,6
d. T2041	<b>Strákunum</b> langar til að fara með honum.	68,2	9,8	22,0
<b>Samtals já:</b>		<b>156,5%</b>		
c. T2045	<b>Mig</b> dreymir hann á hverri nóttu.	89,0	6,2	4,8
d. T2055	<b>Mér</b> dreyndi alveg hræðilegan draum.	49,5	7,5	43,0
<b>Samtals já:</b>		<b>138,5%</b>		

Tafla 20.6: Mat á aukafallsfrumlögum með sögnunum vanta, langa og dreyma.

Eins og í öðrum könnunum virðist þágufallið ganga mun betur með frumlagi í þriðju persónu (dæmin með *langa*) en fyrstu persónu, en auðvitað getur líka verið munur á sögnunum að þessu leyti.

Nú er auðvitað hugsanlegt að dómapróf eins og þau sem niðurstöðurnar í *töflu 20.6* byggjast á geri meira úr innri breytileika af þessu tagi en efni standa til. Það gæti m.ö.o. verið að málnotendur væru tilbúnir til að **samþykkja** bæði þolfall og þágufall með tilteknum sögnum en **notuðu** samt bara annað fallið. Ef svo væri myndi það benda til annars konar innri breytileika en fram kemur í vesturíslensku viðtölunum. Dæmi sem hefur verið safnað af Netinu sýna þó að þessi innri breytileiki Heima-Íslendinga kemur líka fram í málnotkun. Iris Edda Nowenstein hefur safnað saman fjölda slíkra dæma, m.a. þeim sem sýnd eru í (20.19) (Iris Edda Nowenstein Mathey 2012:65 o.áfr., leturbreytingum bætt við hér; nokkur dæmi af svipuðu tagi má líka finna hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 2007, Jóhannesi Gísla Jónssyni og Þórhalli Eyþórssyni 2005 og í 4. kafla *Tilbrigðabókar I*, bls. 106):

- (20.19) a. **Mig vantar** alla boltana til að festa girkassann á vél svo **vantar mér** púst frá flækjum og afturúr.  
 b. **mér vantar** mið á veiðibogan minn **mig vantar** helst 4 til 5 streingja mið  
 c. en **honum vantar** bara stofuborð svo að vélin er ekki fól. **mig vantar** aðallega blokk  
 d. **Mig vantar** að fá upplýsingar um tík sem var að gjóta [...] En **henni vantar** uppeldismóður  
 e. Láttu ath hvað **þig vantar** af vítamínum steinefnum eða járnri og fl. Svona skrytin “craving” er líkaminn að kalla á það sem **honum vantar**  
 f. ef **honum vantar** flakkara eða eitthvað svona .. Spurðu hann bara hvað **hann vantar**

Eins og sjá má eru þessi dæmi af ýmsu tagi þótt reyndar virðist algengast í dæmasafni Irisar að notað sé þolfall af fornafni fyrstu eða annarrar persónu en þágufall af fornafni þriðju persónu (sbr. dæmi (20.19c,d,e)).

Niðurstaðan er því sú að sá innri breytileiki í fallmörkun frumlags sem finna má í vesturíslensku viðtölunum sé ekki einfaldlega sérkenni vesturíslensku sem erfðarmáls, sem gæti þá stafað af ófullkominni máltöku eða málhrönnun eins og áður segir, heldur eigi hann sér hliðstæður í máli Heima-Íslendinga. Þar með er þó ekki sagt að breytileiki af þessu tagi kunni ekki að vera algengari meðal erfðarmálshafa en þeirra sem tileinka sér og nota málið við aðrar aðstæður. Það þarfnast nánari athugunar. Í því sambandi er vert að minna á rannsóknir Irisar Eddu Nowenstein, en hún hefur m.a. borið saman innri breytileika í fallmörkun í heimaislensku, vesturíslensku og færeysku (2015). Ein meginniðurstaða hennar er sú að börn tileinki sér innri breytileika strax á máltökuskeiði, ef það er breytileiki í

ílaginu, og slíkur breytileiki sé því hluti af málkunnáttunni en ekki til dæmis eitthvað sem kemur bara fram í málbeitingunni sem afleiðing af leiðréttingum eins og stundum hefur verið haldið fram. Svipaða hugmynd má í raun finna hjá Ástu Svavarsdóttur í 4. kafla *Tilbrigðabókar I* (bls. 107–108). Hún bendir á að fornafn fyrstu persónu eintölu er langalgengasta frumlagið með skynjandasögnum af því tagi sem hér hafa verið til umræðu. Ef hefðbundið frumlagsfall (þ.e. þolfall) með sögnum eins og *langa* og *vanta* til dæmis er ríkjandi í ílaginu, fær málnotandinn fleiri dæmi um það þegar fornafn fyrstu persónu á í hlut en þegar um er að ræða fornafn annarrar persónu. Það kann að skýra þann mun sem er á fyrstu og þriðju persónu að því er varðar frumlagsfall með þessum sögnum í heimaíslensku. Svipaður munur kom fram í rannsókn Irisar á vesturíslensku þegar þágufallshneigð á í hlut og hann kemur líka fram í þeim gögnum sem Sigríður Mjöll Björnsdóttir kannaði í MA-ritgerð sinni (2014:50 o.v.), en þar var um að ræða samfelldar bréfaskrifir vesturíslenskrar konu í um það bil 70 ár. Hins vegar virðist þessi munur eftir persónu frumlagsins ekki koma fram þegar nefnifallshneigð í vesturíslensku er skoðuð (Iris Edda Nowenstein 2015:10 o.v.).

## 20.6 Lokaorð

Í þessum kafla hefur verið sagt frá athugun á frumlagsfalli í vesturíslensku. Efniviðurinn var viðtöl sem voru tekin vestra á árunum 1972–1973 og 1982. Vegna þess hve málfélagslegar aðstæður eru ólíkar fyrir vesturíslensku og heimaíslensku getur samanburður á þessum málbrigðum veitt mikilvægar upplýsingar um samspil málfraðilegra og félagslegra krafta þegar málbreytingar eiga í hlut. Niðurstöðurnar voru bornar að tilgátu um stefnu fallbreytinga sem segir að orðasafnsfall hafi tilhneigingu til að láta undan fyrir formgerðarfalli, en meðal orðasafnsfalla sækir reglufall í sig veðrið á kostnað furðufalls (óreglulegs falls). Í tengslum við þessa tilgátu var því spáð að nefnifallshneigð (orðasafnsfall lætur undan fyrir formgerðarfalli) myndi vera meira áberandi í vesturíslensku en á Íslandi og þágufallshneigð (furðufall lætur undan fyrir reglufalli) sömuleiðis. Þessar tilgátur virtust spá rétt fyrir um niðurstöður þegar vesturíslensku viðtölin voru borin saman við svipuð viðtöl við Heima-Íslendinga. Hins vegar kom fram að þágufallshneigð var ekki mjög miklu algengari í vesturíslensku viðtölunum en meðal skólabarna sem höfðu tekið þátt í rannsóknarverkefnum skömmu eftir 1980 og 2000 á Íslandi. Eitt af því sem einkenndi vesturíslensku niðurstöðurnar var innri breytileiki í fallmörkun, þ.e. að sami einstaklingur átti það til að nota mismunandi frumlagsföll með sömu sögn. Svipuð tilhneiging kom fram hjá þátttakendum í Tilbrigðaverkefninu og leit á Netinu staðfestir að breytileiki af þessu tagi er „raunverulegur“ meðal Heima-Íslendinga og því ekki sérstakt einkenni á vesturíslensku þótt hann kunni að vera algengari þar en í heimaíslensku. Það sýnir m.a. að breytileiki af þessu tagi getur naumast verið afleiðing af málfarsleiðréttingum í skóla því að slíkum leiðréttingum hefur ekki verið til að dreifa fyrir vesturíslensku. Það er í samræmi við niðurstöður úr ýmsum öðrum nýlegum rannsóknum á tilbrigðum. Loks er áhugavert að velja því fyrir sér hvort sá vísir að vaxandi nefnifallshneigð sem fannst í Tilbrigðaverkefninu er vísbending um það að heimaíslenska sé á svipaðri leið og vesturíslenska að því er varðar undanhald aukafallsfrumlaga (sókn formgerðarfalls á kostnað orðasafnsfalls), hugsanlega vegna minnkandi ílags af hefðbundinni fallnotkun fyrir börn á máltökuskeiði og vaxandi áhrifa frá ensku. Tíminn verður á leiða í ljós hvort svo er.

**Rit sem vísað er til í þessum kafla**

- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki“. Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra sagna. *Íslenskt mál* 4:19–62.
- Bennamoun, Elabbas, Silvina Montrul og Maria Polinsky. 2010. Prolegomena to Heritage Linguistics. Handrit, University of Illinois og Harvard University. [Aðgengilegt á <http://scholar.harvard.edu/mpolinsky/publications/white-paper-prolegomena-heritage-linguistics>.]
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic*. The Life of a Language. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Gísli Sigurðsson. 2001. Um vesturíslensku. *Alfræði íslenskrar tungu*. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Guðjón Arngrímsson. 1998. *Annað Ísland*. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum. Mál og menning, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1982. Um méranir. Drög að samtímalegri og sögulegri athugun. *Íslenskt mál* 4:159–189.
- Haraldur Bessason. 1967. A Few Specimens of North American-Icelandic. *Scandinavian Studies* 39(2):115–146.
- Haraldur Bessason. 1971. Ísländskan i Nordamerika. *Sprog i Norden 1971*, bls. 57–77.
- Haraldur Bessason. 1984a. Að rósta kjötið og klína upp húsið. *Lesbók Morgunblaðsins* 16. júní, bls. 4–5.
- Haraldur Bessason. 1984b. Hún fór út með bojfreindinu sínu. *Lesbók Morgunblaðsins* 23. júní, bls. 11–13.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Sigurjónsdóttir og Þórum Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2013. Ideal Speakers and Other Speakers: The case of Dative and Some Other Cases. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives: A Micro-Comparative Perspective*, bls. 161–188. Oxford Studies in Comparative Syntax. Oxford University Press, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. I. Markmið, aðferðir og efniviður*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein Mathey. 2012. *Mig langar sjálfri til þess. Rannsókn á innri breytileika í fallmörkun frumlaga*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein. 2014. *Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Þágufallshneigð og innri breytileiki*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð með nýjum formála og atriðisorðaskrá 1987 og gefin út af Málvísindastofnun Háskóla Íslands.]
- Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic*. A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach. Doktorsritgerð, Lundarháskóla. Lundastudier i Nordisk Språkvitenskap A 57, Lund.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. Not so Quirky: On Subject Case in Icelandic. Ellen Brandner og Heike Zinsmeister (ritstj.): *New Perspectives in Case Theory*, bls. 127–163. CSLI Publications, Stanford University, Stanford.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Höskuldur Þráinsson: *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Jóhannes Gísli Jónsson. 2007. Variation in Morphosyntax: Some Lessons from Insular Scandinavian. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni Formal Approaches to Variation in Syntax, University of York, 10.–12. maí. [Dreifiblað aðgengilegt á slóðinni <http://malvis.hi.is/sites/malvis.hi.is/files/York.variation.07.pdf>]
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7–40.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2005. Variation and Change in Subject Case Marking in Insular Scandinavian. *Nordic Journal of Linguistics* 28(2):223–245.
- Margrét Jónsdóttir. 2015. From Accusative to Dative (via Nominative). The Case of  *fjölga* ‘increase’ and  *fækka* ‘decrease’ in Icelandic. Martin Hilpert, Jan-Ola Östman, Christine Mertzlufft, Michael Rießler og Janet Duke (ritstj.): *New Trends in Nordic and General Linguistics*, bls. 181–201. *Linguae & litterae* 42. De Gruyter, Berlín.
- Salbjörg Óskarsdóttir. 2008. *Hann þótti gott í staupinu*. Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku samanborið við heimaíslensku. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2014. „*Hún er svo montin af að vera íslenskt.*“ Fallmörkun og samræmi í vesturíslensku erfðarmáli. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1937. Nokkur sýnishorn af vestur-íslensku og rannsóknum um hana. *Lögberg – Fimmtíu Ára Minningarblað* [...] 22. desember, bls. 18–19 og 22–23.
- Sögur úr Vesturheimi*. Úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Mariu Franzdóttur um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík, 2012.
- Tilbrigðabók I* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2013.
- Tilbrigðabók II* = Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2015.
- Vilhjálmur Stefánsson. 1903. English Loan-nouns Used in the Colony of North Dakota. *Dialect Notes* 2:354–362.
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in Tiers. *Language* 63:217–250.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. Case and Grammatical Functions. The Icelandic Passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483. [Einnig birt hjá Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.) 1990: *Modern Icelandic Syntax*, bls. 95–136. Academic Press, San Diego.]

## SUMMARY

This chapter reports on a study of subject case marking in North American Icelandic (NAmIce), a heritage language still spoken to some extent by descendants of Icelandic immigrants in Canada and the US. The emigration to North America took mainly place between 1870 and 1915 but the material used in the present study consists of interviews conducted in 1972–1973 and in 1982, a total of some 70 hours. The speakers were mostly in their 70s or 80s (see *figure 20.1*), typically third generation immigrants. They were quite fluent speakers of Icelandic, having acquired and used it at home as children. These interviews were contrasted with eight interviews with native speakers of Icelandic in Iceland of roughly the same age. — The main emphasis of the study was on the case marking of experiencer subjects. Nominative is the structural (or default) subject case in Icelandic and nominative subjects are not thematically restricted, i.e. they can be agents, themes, experiencers, goals etc. Non-nominative subjects, on the other

hand, are lexically determined by the main verbs and thematically restricted. Thus non-nominative subjects can never be agents, for instance. These lexically assigned cases (or lexical cases) can however be divided into thematic (or semi-regular) cases and quirky (or irregular) cases. Thus it is quite common for experiencer subjects to be marked dative (= thematic case) whereas accusative experiencer subjects are rather exceptional (= quirky case). With this in mind it has been hypothesized that structural (or default) case will tend to replace lexical case and thematic lexical case will tend to replace quirky lexical case. Thus nominative subjects will tend to replace accusative and dative subjects, and accusative case on experiencer subjects should give way to dative case. These predictions are borne out to a certain extent in the present study of NAmIce. Thus it is relatively common for speakers of NAmIce to use nominative subjects with various types of verbs that traditionally take non-nominative subjects and still do for native speakers of Icelandic (see *tables 20.3* and *20.4*, where *nf.* means nominative, *þf.* means accusative and *þgf.* refers to dative). This process is commonly referred to as Nominative Substitution. Substitution of dative subjects for accusative subjects with experiencer verbs (Dative Substitution) was also much more common in the interviews with the speakers of NAmIce than in the interviews with the native speakers of Icelandic (cf. *table 20.5*). This result was then compared to results of two studies of Dative Substitution among school children in Iceland (see *figures 20.3–20.5*). This comparison indicates that Dative Substitution is not much more common in the NAmIce interviews than in the language of Icelandic school children around 1980 and 2000. — Finally, it was observed that intra-speaker variation in subject case marking was relatively common in the NAmIce interviews (see the topmost part of the NAmIce column (Vesturfarar) in *figures 20.3–20.5*). While this could a priori be attributed to insecurity by these heritage language speakers, possibly due to incomplete acquisition or to language attrition, it turns out that intra-speaker variation in subject case also occurs in native Icelandic. Thus the large variation study reported on in many papers in this volume (IceDiaSyn) found that many speakers accept both dative and accusative subjects of verbs like *vanta* ‘need’, *langa* ‘want’ and *dreyma* ‘dream’, for instance (see *table 20.6*), and similar variation is also found in production (see the examples in (20.19)). Intra-speaker variation of this kind is thus arguably not simply a characteristic of heritage speakers although it may be more common among them than among native speakers.